

172. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs.

27. maí 2009, kl. 16:30 sem símafundur.

Mætt á símafund: Örn Þórðarson, Ragnheiður Hergeirsdóttir, Ólafur Áki Ragnarsson og Guðmundur Tryggvi Ólafsson.

1. Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs, bréf verkefnisstjórnar.

Endurskoðun „Svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs” er lokið og kynnti framkvæmdastjóri, Guðmundur Tryggvi Ólafsson og fulltrúi í verkefnisstjórn, á stjórnarfundum SOS 17. apríl sl. athugasemdir sem bárust við kynningu og svör verkefnisstjórnar við þeim.

Lokadrög skýrslunnar voru jafnframt lögð fram auk bréfs frá verkefnisstjórninni dagsett 25.3.2009.

Stjórn Sorpstöðvar Suðurlands bs. samþykkir endurskoðaða svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Suðvesturlandi 2009-2020 fyrir sitt leyti og leggur til að aðildarsveitarfélögin staðfesti hana.

Stjórn tekur fram að með staðfestingu áætlunarinnar felast engar skuldbindingar um framkvæmdir né framkvæmdartíma. Slíkar ákvarðanir verða teknar sérstaklega á hverjum tíma og áréttað að móttöku- og umhleðslustöðvar í einstökum landshlutum verða áfram á hendi hvers svæðis fyrir sig.

Stjórn Sorpstöðvar Suðurlands bs. þakkar verkefnisstjórninni sérstaklega fyrir vönduð og fagleg vinnubrögð og Ögmundi Einarssyni formanni verkefnisstjórnar eru þökkúð vel unnin störf. Ögmundur Einarsson formaður verkefnisstjórnar lýkur starfsferli sínum með starfi í verkefnisstjórninni 31.3.2009.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 17:20